



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ENDURNÝJANLEG ORKA HEIMSVERÐLAUN – HEIMSPING

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti í dag, miðvikudaginn 23. ágúst, *Heimsverðlaun fyrir endurnýjanlega orku* og var það í fyrsta sinn sem verðlaunin voru veitt. Afhendingin fór fram á heimspingi sem haldið er í Flórens á Ítalíu og sótt af um 800 fulltrúum frá 107 löndum: vísindamönnum, fjárfestum, athafnamönnum, sérfræðingum, fulltrúum alþjóðastofnana og áhrifafólki í stefnumótun á sviði orkumála. Athöfnin var í Palazzo Pitti höllinni í Flórens.

Heimsverðlaunin fyrir endurnýjanlega orku eru veitt því landi sem á undanförunum tveimur árum hefur náð mestum árangri við að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkubúskap sínum. Til verðlaunanna var stofnað að íslensku frumkvæði og var Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor þar í fararbroddi en Grímur Marínó Steindórsson, fyrrum bæjarlistamaður í Kópavogi, er höfundur verðlaunagripsins sem er í formi skips með þöndu segli og sól í reiða. Táknað hann í senn sólarorku, vindorku, ölduorku, vatnsorku, jarðorku og aðra endurnýjanlega orkugjafa.

Ísland er með hæsta hlutfall endurnýjanlegrar orku allra landa í veröldinni og því töldu stjórnendur heimspingsins við hæfi að Ísland hefði forystu um að skapa og veita Heimsverðlaunin. Þau verða framvegis veitt á tveggja ára fresti því landi sem mest eykur hlutfall endurnýjanlegrar orku.

Þau lönd sem helst komu til greina þegar verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn voru Albanía, Brasilía, Kýpur, Kyrgistan, Panama og Paraguay. Forseti Íslands tilkynnti við lok ræðu sinnar í Flórens að ákveðið hefði verið að veita Kýpur verðlaunin því árangur þess á síðastliðnum tveimur árum hefði verið ótvíræður og hlutfallsleg aukning þar mest. Orkumálastjóri Kýpur tók við verðlaununum úr hendi forseta Íslands.

Kýpur hefur einkum náð þessum árangri með markvissri stefnumótun, samvinnu almennings, fyrirtækja, framleiðenda og stjórnvalda, beitingu nýrra reglna í gjaldskrá, breyttri notkun eldsneytis á sviði samgangna og nýtingu sólarorku; nefndi forsetinn sem dæmi að rúmlega 50% hótela á Kýpur nýta nú sólarorku til vatnshitunar.

Í ræðu sinni við athöfnina lagði forseti Íslands áherslu á þann árangur sem Ísland hefði náð á sviði endurnýjanlegrar orku en um 70% af heildarorkubúskap Íslendinga er af þeim toga sem og öll raforku-framleiðslan í landinu. Virkjun vatnsafls og jarðhita hefði gegnt lykilhlutverki í þessari þróun. Vætnisverkefnið sem Íslendingar ynnu nú að í samvinnu við Shell, Daimler Chrysler og Norsk Hydro miðaði að því að auka í framtíðinni hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngukerfi Íslendinga svo að heildarhlutfall endurnýjanlegrar orku yrði enn hærra en það er nú.

Forsetinn benti einnig á að með því að þjóðir heims sameinuðust um að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku yrði hægt að draga úr hættu á verulegum loftslagsbreytingum á komandi áratugum, en loftslagsbreytingar hefðu í för með sér gífurlegt efnahagslegt tjón fyrir allar þjóðir heims, náttúruhamfarir, mengun og tortímingu auðlinda í úthöfum og á meginlöndum og sköpuðu hættur á skelfilegum faröldrum sjúkdóma.

Hin nýju Heimsverðlaun væru mikilvæg hvatning til stjórnvalda og þjóða víða um veröld að vinna hratt og vel að því að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar með því að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa.

Á Heimspinginu er m.a. fjallað um nýsköpun í orkumálum, rannsóknir, viðskiptatækifæri, fjármögnun og menntun auk þess sem sérstök umræða fer fram um tækninýjungar, sólarorku, vindorku, vætnisframleiðslu, breytingar í samgöngumálum og gerð mannvirkja.

23. ágúst 2006

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Þorsteinn I. Sigfússon prófessor (896 5692).

Ræðu forseta Íslands má nálgast á heimasíðu embættisins:
<http://www.forseti.is>